

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Helstu tegundir verðbréfa - Afleiður

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Helstu tegundir verðbréfa - Afleiður (20%)

ATH. Prófið er þrískipt: Helstu tegundir verðbréfa skuldabréf (40%),
Helstu tegundir verðbréfa hlutabréf (40%)

Prófdagur: 11. maí 2016 Kl.: 16:00-20:00

Próftími alls: 4 klst. Prófblöð 3
vegna þessa
hluta
prófsins,
þmt. forsiða):

Leyfileg hjálpargögn: Próf skulu almennt tekin á fartölvum Fylgiblöð: Engin
próftaka. Öll gögn á pappírsmi
leyfileg. Notkun reiknivéla sem hafa
textaminni og/eða hægt er að forrita
er heimil.

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

1. Við ætlum að gera framvirkan samning um EUR/USD til þriggja mánaða. Við vitum að EURIBOR eru samfelldir 0,20% p.a. og USD LIBOR eru samfelldir 0,50% p.a. fyrir þessar tímalengdir. Hvert er framvirkt verð ef við vitum að EUR/GBP gengið er 0,8 og USD/GBP gengið er 0,7? [3% af heildarprófi]
2. Okkur stendur til boða að kaupa kauprétt (call option) á hlutabréf til eins árs með samningsgengið 100. Stundargengi bréfsins er í dag 100 og við gerum ráð fyrir að eftir eitt ár geti gengið verið annaðhvort 125 eða 75. Áhættulausir flatir vextir eru í dag 7,00%. Með því að nota eins þrepa tvíkostalíkan,
 - a. hvað ætti kauprétturinn að kosta? [2%]
 - b. hvað ætti afleiðumiðlarinn okkar að kaupa marga hluti til að verja stöðuna sína ef við kaupum kauprétt á 1.000 hluti? [1%]
3. Við gerðum vaxtaskiptasamning við banka á 100 m.kr. höfuðstól þar sem við greiðum á 6 mánaða fresti fasta vexti 8,00% p.a. og fáum til baka fljótandi REIBOR 6M. Samningurinn var til þriggja ára og var gerður fyrir 21 mánuði síðan. REIBOR 6M var síðast ákvarðaður 6,50%. Nú viljum við gera upp samninginn.
 - a. Hver greiðir hverjum hvað ef áhættulausir vextir eru í dag flatir 7,00% p.a.? [4%]
4. Við gerðum framvirkan kaupsamning um hlutabréf til 12 mánaða fyrir 8 mánuðum síðan. Þegar samningurinn var gerður var gengi hlutabréfanna 20 kr. á hlut og samfelldir vextir 5,00% p.a. Þá var gert ráð fyrir að eftir 4 mánuði yrði arðgreiðsla að fjárhæð 5 kr. á hlut. Í dag er gengi bréfanna 15 kr. á hlut og samfelldir vextir 6,00% p.a. Hvert er virði samningsins fyrir okkur í dag? [3%]
5. Miðlari hjá banka getur selt okkur kauprétt til 6 mánaða á hlutabréf í ABC hf. á 5 kr. Við teljum hinsvegar að bréfin muni lækka og viljum frekar kaupa sölurétt. Hvað ætti slíkur söluréttur fræðilega að kosta hjá miðlaranum ef stundargengi hlutabréfsins er 100, samningsgengi er 110 og samfelldir vextir eru 7,00% p.a.? [2%]
6. Við búum okkur til eftirfarandi körfu af valréttum. Ef við gerum ráð fyrir að hver valréttur sé evrópskur og á 1 hlutabréf, hver er samanlagður hagnaður körfunnar? [3%]
 - a. Við seljum kauprétt með samningsgengi 70 kr. og fáum 3 kr. þóknun fyrir. Gengi bréfsins við uppgjör er 75 kr.
 - b. Við kaupum sölurétt með samningsgengi 80 kr. og greiðum 5 kr. þóknun fyrir. Gengi bréfsins við uppgjör er 87 kr.
 - c. Við kaupum kauprétt með samningsgengi 50 kr. og greiðum 2 kr. þóknun fyrir. Gengi bréfsins við uppgjör er 54 kr.

- d. Við seljum sölurétt með samningsgengi 80 kr. og fáum 3 kr. þóknun fyrir. Gengi bréfsins við uppgjör er 75 kr.
 - e. Við kaupum kauprétt með samningsgengi 75 kr. og greiðum 10 kr. þóknun fyrir. Gengi bréfsins við uppgjör er 90 kr.
7. Svarið eftirfarandi fullyrðingum með því að merkja við rétt eða rangt. Ekki er dregið niður fyrir rangt svar.
- a. Long straddle valréttarkarfa hentar fjárfesti vel sem telur að verð undirliggjandi eignar breytist lítið. [0,5%]
 - i. Rétt
 - ii. Rangt
 - b. Amerískur valréttarsamningur er einungis innleystur á lokagjalddaga samningsins. [0,5%]
 - i. Rétt
 - ii. Rangt
 - c. Við eigum evrópskan kauprétt með samningsgengi 103 kr. sem er á lokagjalddaga í dag. Stundargengi undirliggjandi eignar er 106 kr. í dag og kauprétturinn kostaði 3 kr. í upphafi. Heildaruppgjör samningsins er in-the-money. [0,5%]
 - i. Rétt
 - ii. Rangt
 - d. Carry trade er þegar fjárfestir tekur lán í hávaxtamynt og fjárfestir í lágvaxtamynt. [0,5%]
 - i. Rétt
 - ii. Rangt